

Eskja hf.
Strandgata 39
735 Eskifirði

Reykjavík 7. júní 2019
UST201801-117/F.T.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 13. september 2018 þar sem rekstraraðili var áminntur vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 17. nóvember 2017.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 5.2 í starfsleyfi.** Samantekt á heildarlosun lífrænna efna í sjó um frárennsli verksmiðjunnar liggur ekki fyrir. Skila þarf heildarúttekt á losun mengandi efna í fráveitu. **Rekstraraðili óskaði eftir fresti til þess að mæla losun í frárennsli fram til mars 2019 þar sem áætlað var að veiðar hefðust í byrjun árs 2019. Þann 26. maí 2019 barst úrbótaáætlun rekstraraðila. Þar kom fram að þar sem engin loðnuveiði hefði verið í vetur, hefði engin mæling á heildarlosun frárennslis verið framkvæmd. Samkvæmt rekstraraðila verður mælt á næstu loðnuvertíð, veturinn 2019-2020, ef þá finnst loðna.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **13.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þorðarson
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Austurlands